

## 128. fundur stjórnar HÖFÐA hjúkrunar- og dvalarheimilis haldinn 27. júní 2022 kl. 16.30 á Höfða

Stjórnarmenn:

Einar Brandsson formaður  
Björn Guðmundsson varaformaður  
Elsa Lára Arnardóttir  
Helgi Pétur Ottesen  
Aldís Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna

Starfsmenn:

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir hjúkrunarforstjóri  
Kjartan Kjartansson framkvæmdastjóri

Dagskrá:

### 1) Kosning í stjórn

Lagt fram bréf frá Akraneskaupstað, dags. 16. júní 2022, þar sem fram kemur að eftirtaldir hafa verið kjörnir í stjórn Höfða hjúkrunar- dvalarheimilis:

Aðalmenn: Einar Brandsson formaður, Björn Guðmundsson varaformaður og Elsa Lára Arnardóttir.

Varamenn: Ragnheiður Helgadóttir, Jónína Margrét Sigmundsdóttir og Liv Ása Skarstad.

Einnig lagt fram bréf frá Hvalfjarðarsveit, dags. 8. júní 2022, þar sem fram kemur að Helgi Pétur Ottesen hafi verið kjörin aðalmaður og Helga Harðardóttir varamaður í stjórn Höfða.

Nýr fulltrúi starfsmanna sem kjörin var á aðalfundi starfsmannafélags er Aldís Þorbjörnsdóttir.

### 2) Vistunarmál

Staðfest vistun fyrir fjóra einstaklinga, sjá trúnaðarbók.

**Staða á biðlistum 21.6.2022:**

Hjúkrunarrými: 27 einstaklingar.

Dvalarrými: 14 einstaklingar.

Hvíldarinnlagnir: 27 einstaklingar.

### 3) Rekstraryfirlit 1. janúar til 31. mars 2022

Lagt fram.

### 4) Gjaldskrá Höfða

Stjórn Höfða samþykkir framlagða tillögu framkvæmdastjóra um nýja gjaldskrá fyrir verð á útseldu fæði frá Höfða. Verð pr. máltíð hækkar úr kr. 1.172 í kr. 1.246 eða um 6,3% sem nemur hækkun vísitölu neysliverðs frá september 2021 til júní 2022. Hækkun tekur gildi frá og með 1. júlí 2022.

KW ÖDG  
Puls AF  
ETB

**5) Framkvæmdanefnd Höfða**

Stjórn Höfða samþykkir að fela núverandi framkvæmdanefnd að láta vinna kostnaðaráætlun sem undanfara umsóknar í Framkvæmdasjóð aldraðra árið 2023 vegna endurnýjunar á þak- og veggjaklæðningu í 2. áfanga Höfða og í framhaldi af því útboðsgögn.

Jafnframt er framkvæmdastjóra falið að óska eftir endurnýjuðum heimildum frá eignaraðilum heimilisins varðandi heimild til að sækja um í Framkvæmdasjóð aldraðra og staðfestingu um að eignaraðilar muni fjármagna verkefnið á móti framlagi sjóðsins.

**6) Tækjamál í eldhúsi**

Málinu frestað.

**7) Tölvupóstur árshátíðarnefndar Höfða dags. 31. maí 2022**

Stjórn Höfða samþykkir styrk vegna árshátíðar Höfða 2022 að fjárhæð kr. 600.000. Fjárhæðinni verði ráðstafað af liðnum „1975 Starfsmannafagnaðir“.

**8) Starfsmannamál**

- Trúnaðarmál  
Afgreiðsla trúnaðarmál.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18:15

Eiríkur Brandsson  
Elisa Lára Amundóttir  
Helgi Pétur Ottar  
Olíva Tugibjörg Gunnarsd.  
Aldis Þorbjörgsdóttir  
Björn Guðmundur  
Vinnu